

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar

13. júlí 2017
UST201706-263/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Rangá í Kaldakinn - ferðaþjónustusvæði

Vísað er til bréfs Skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 23. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi og samhliða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 vegna nýs ferðaþjónustusvæðis á jörðinni Rangá í Köldukinn í Þingeyjarsveit.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að byggja allt að 15 gistihýsi sem hvert um sig verður að hámarki 40 m² að stærð. Þar kemur fram að gistihýsin og vegir eru að mestu staðsett á mólendi og skerða ekki tún á jörðinni. Eins kemur fram á áhrif á ásýnd á svæðinu verði ekki veruleg þar sem hæð bygginga er takmörkuð við hæð núverandi bygginga og útlit þannig ákvarðað að sem best falli að umhverfi. Skv. gildandi aðalskipulagi er starfsemi tengd ferðaþjónustu skilgreind sem verslun- og þjónusta. Breyting á aðalskipulagi felst í því að skilgreina fyrirhugað svæði fyrir gistihýsi og aðra tengda starfsemi en aðrir hlutar jarðarinnar verða með óbreyttri landnotkun.

Niðurstaða


Í greinargerð kemur fram að staðsetning bygginga innan byggingarreits sé frjáls. Umhverfisstofnun bendir á að það er erfitt að átta sig á heildarmynd svæðisins þegar staðsetning bygginga er ekki sýnd innan byggingarreits.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að forðast allt óþarfa rask og tekur undir að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu.


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur